



Sumarstörf hjá Fjallabyggð 2024

Umsóknarfrestur 1. maí

Skemmtileg og krefjandi sumarstörfum laus til umsóknar.

Sláttugengi.

Þjónustumiðstöð auglýsir eftir starfsmönnum til að sinna slætti og umhirðu á opnum svæðum. Starfstímabil frá 21. maí - 9. ágúst. Umsækjendur þurfa að vera 16 ára (f. 2007) og eldri.

Starfsmaður í skógrækt.

Starfsmaður sinnir viðhaldsverkefnum í Skógrækt Siglufjarðar. Starfstímabil frá 1. júní - 31. ágúst. Reynsla af skógræktarvinnu æskileg.

Þjónustumiðstöð Fjallabyggðar.

Auglýsir eftir starfsmönnum í almenna verkamannavinnu. Helstu verkefni; girðingarvinna, málun gangbrauta og annarra merkinga, hreinsun leik- og opinna svæða. Starfstímabil frá 21. maí - 9. ágúst.

Vélamaður.

Auglýst er eftir vélamanni til að vinna við garðslátt og umhirðu á opnum svæðum. Umsækjendur þurfa að hafa náð 18 ára aldri og hafa dráttarvélaréttindi. Starfstímabil er frá 21. maí - 9. ágúst.

Yfirflokkstjóri Siglufirði.

Skipulagging og stýring umhverfisverkefna, umsjón með sláttugengi á Siglufirði, sláttur og umhirða á opnum svæðum. Starfstímabil frá 21. maí - 9. ágúst. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri.

Vinnuskóli Fjallabyggðar - Flokkstjórar

Auglýsir eftir flokksstjórum til að starfa við skólann. Starfstímabil frá 21. maí til 2. ágúst. Umsækjendur þurfa að hafa náð 20 ára aldri. Flokksstjórar stjórna daglegu starfi vinnuflokka skólans og stuðla að reglusemi, ástundun og góðri umgengni starfsmanna. Flokksstjórar vinna með unglingunum og sýna þeim hvernig staðið skuli að verki og leiðbeina um notkun á áhöldum og tækjum.

Sótt er um öll störfin rafrænt á
ÞJÓNUSTUGÁTT á www.fjallabyggd.is

Allar nánari upplýsingar um störfin veitir Birgir bæjarverkstjóri í síma 893-1467 eða á netföng ah@fjallabyggd.is og armann@fjallabyggd.is